

Laxar Fiskeldi ehf.  
Hlíðasmára 4  
201 Kópavogur

Reykjavík, 8. október 2020  
UST202003-267/H.E.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 24.6.2020, hjá Löxum Fiskeldi ehf. Bakka**

Þann 24.6.2020 fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Laxa fiskeldi ehf. að Bakka í Ölfusi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfestar voru úrbætur vegna fjögurra eldri frávíka en framleiðsla er enn umfram heimild nógildandi starfsleyfis.

**Tveimur ábendingum var komið á framfæri varðandi árekstrarvarnir olíutanks og frágang og umgengi á lóð. Tvö frávik komu fram er varða:**

1. Grein 1.1 í starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi. Ársframleiðsla 2019 var 139 tonn en leyfið veitir heimild upp að 20 tonna framleiðslu á ári.
2. Grein 3.2 í starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi. Sjáanleg froða og fita var í skurði þar sem að frárennsli frá eldisstöðinni liggur út í sem bendir til að hreinsun frárennslis sé ekki nægjanleg.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23.10.2020.

Virðingarfyllst

  
Halla Einarsdóttir

  
Hulda Soffía Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Laxar Bakka	24. júní 2020	Bakki, Ölfusi	Gjaldflokkur 5
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
621205-1370	1. október 2026	Já	Seiðaeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		x		<p>Ársframleiðsla árið 2019 var 139 tonn en núgildandi starfsleyfi heimilar upp að 20 tonna ársframleiðslu.</p> <p>Meðaltalshámarkslífmassi árið 2018 var 29 859 kg.</p> <p>Meðaltalshámarkslífmassi árið 2019 var 27 750 kg.</p> <p>19,2 tonna lífmassi var í stöðinni þegar eftirlitið fór fram.</p>
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	x			<p>Tromlusía og safntankur komið upp. var komið upp í byrjun ágúst 2019.</p> <p>Stækkun á leyfi er í vinnslu. Aðrar breytingar ekki fyrirhugaðar.</p>
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	x			<p>Skráningarblöð: handskráningar fluttar yfir í fishtalk. Talning á dauðfiski og fódurgjöf á skráningarblöðum. Fóðurstuðull um 1,0. Sjónrænt mat á hverju kerri en eru einnig með útreiknaðar fódurtölur. Tölvukerfi sem reiknar út fódurþörf út frá vaxtartöflu og fjölda og stærð fisks.</p> <p>Frárennslismælingar gerðar í janúar 2020 (30.1.2020).</p> <p>Tæming á meltutanki 29.4.2020 fór í urðun í Fíflholtum. Tæming á tromlu í urðun í Sorpu 6.5.2020</p> <p>Skráningar á efnanotkun til staðar.</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

				<p>Úrgangur flokkaður; aðallega plast sem er flutt upp í fiskeldisstöð Laxa að Fiskalóni. Íslenska gámafélagið sér um sorphirðu.</p> <p>Fiskur sem er flokkaður frá er sendur í endurvinnslu u.þ.b. 4-5 sinnum á ári í fíðurstöð á Selfossi. Rekstraraðili hvattur til að halda saman kvittunum um móttöku.</p> <p>Plastpokar eru fluttir í endurvinnslustöð í Hveragerði.</p> <p>Neyðaráætlun og viðbragðsáætlanir eru til staðar.</p> <p>Atvikaskráningar í lagi.</p>
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			x	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			x	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	x			
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			x	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?			x	
Er neyðaráætlun til staðar?	x			

Umhverfi	Já / í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
----------	-------------	-------------------	------------	---------------

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	x			Innleiðing stendur yfir á EQS gæðakerfi.  Fyrirtækið hefur sett sér umhverfisstefnu. Í eftirlitinu var rætt um mikilvægi þess að setja fram mælanleg markmið.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	x			Tölvustýring er á fódurgjöf. Miða við fódurstuðulinn 1.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?	x			Mælingar í frárennsli gerðar í byrjun árs 2020. (30. janúar 2020). Mælt var COD, BOD5, TOC, Heildarfosfór P, heildarköfnunarefni N og svifagnir á fjórum stöðum: Við loftara, í frárennsli við tromlusú og á tveimur stöðum í viðtaka, 100 m fyrir neðan frárennislirör og 500 m fyrir neðan frárennislirör. Losunarmörk eru ekki tilgreind í starfsleyfi
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitaupgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	x			Mæla stöðu í safntanki með dýptarpriki. Taka myndir af frárennslinu. Losun í skurð.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síjun, settjörn, tromlur, oþh.  Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	x			Tromlusía og útrás út í skurð. yfirfall fer aftur í tromluna.
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).		x		Mikið um froðu og fitulag í skurðinum sem að frárennsli liggur út í.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	x			Daglegt eftirlit (sjónrænt) en mætti bæta skráningar. Mælingar á gerðar í byrjun árs 2020. Mælt á tveimur stöðum í fráveituskurði, 100 m frá frárennslisröri og 500 m frá frárennslisröri. (sjá umfjöllun um mælingar á losun ofar)
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	x			
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			x	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			x	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			x	Samþykkt úrbótaáætlun um framkvæmd frárennslismælinga. Mælingar voru framkvæmdar í byrjun árs 2020.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			x	Óskað eftir leiðbeiningum um tíðni mælinga.  Rektstraraðili er hvattur til að meta losun árlega hvort sem það er gert út frá mælingum eða útreikningum. Leiðbeiningar um útreikninga á losun út frá fóðurmagni og framleiðslu var afhent í eftirlitinu.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Síðasta vettvangsferð fór fram 2018 þar sem að skráð voru 5 frávik frá starfsleyfi.

1. varðandi framleiðslu umfram heimild starfsleyfis
2. varðandi skráningar á losun efna út í viðtaka
3. varðandi neyðaráætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar
4. varðandi áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa
5. varðandi ófullnægjandi hreinsun frárennslis.

Úrbótaáætlun vegna þeirra frávika var samþykkt í bréfi 19. apríl 2019.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

<b>Samantekt:</b>	Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna 4 eldri frávíka en ljóst er að ekki hefur verið brugðist við frávíki varðandi framleiðslu umfram heimild núgildandi starfsleyfis. Tvö frávík komu fram varðandi umframframleiðslu árið 2019 og fitu og óhreinindi í viðtaka sem bendir til ófullnægjandi hreinsunar á frárennsli.
<b>Annað</b>	Einn nýlegur, tvöfaldur olfutangur – þjónustaður af Olís en í eigu Laxa. Huga þarf að árekstrarvörnum.

*Undirskrift eftirlitsmanns:* \_\_\_\_\_

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Bakka 1, Ölfusi



<b>Dags eftirlits</b>	24.6.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Laxar fiskeldi ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Heimili</b>	Bakka 1	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	621205-1370	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Rafn Heiðdal	<b>ÍSAT nr.</b>	03.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Birgitta Björnsdóttir	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundna vettvangsferð mengunareftirlits í fiskeldisstöð Laxa að Bakka í Ölfusi. Staðfestar voru úrbætur vegna 4 eldri frávíka en ekki hefur verið brugðist við frávíki er varðar framleiðslu umfram heimild starfsleyfis. Sótt hefur verið um stækkun á starfsleyfi en rekstraraðila ber að halda sig innan þeirra framleiðsluheimildar sem er í núgildandi starfsleyfi (20 tonn á ári).

Tvö ný frávik vegna framleiðslu umfram heimild árið 2019 og ófullnægjandi hreinsun í frárennsli voru skráð í eftirlitinu og einni ábendingu komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
3. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
4. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahæja (urðunarstaðir, fiskeldi og þauleldisbú).
5. Útreikningar á losun í frárennsli í fiskeldi.
6. Umfang starfsemi í fiskeldi (kynning).
7. Tilkynningar vegna mengunaróhappa

1. Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti skv. meðfylgjandi gátlista fyrir fiskeldi á landi. Einnig var farið yfir úrbætur útistandandi frávíka í samræmi við samþykktu úrbótaáætlun frá 12. apríl 2019. Úrbótaáætlun vegna framleiðslu umfram heimildar starfsleyfis hefur ekki staðist og var framleiðsla 2019 um helmingi meiri en árið á undan. Mælingar á losun næringarefna í viðtaka fóru fram í ársbyrjun 2020 og telst því frávíki því lokið. Þá var staðfest að neyðaráætlun er til staðar í stöðinni ásamt áhættumati og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa. Þeim frávikum telst því lokið. Búið er að koma fyrir tromlusíu til að hreinsa frárennsli frá stöðinni en fitulag í viðtaka bendir til að hreinsun frárennslisins sé ekki nægjanleg.

2. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávíka. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Laxa að Bakka í áhættuflokk B og þar með er áætlað að fara árlega í vettvangsferð í stöðina. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun í starfsstöðinni.

3. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Einn tvöfaldur olútankur er á starfsstöð Laxa að Bakka sem er þjónustaður af Olís.

4. Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

5. Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi út frá fóðurgjöf og framleiðslumagni. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun næringarefna frá starfsstöðinni.

6. Rætt var um umfang starfseminnar m.t.t. lífmassa annars vegar og sláturtölum hins vegar.

7. Í skoðunarferðinni var farið inn í fiskeldishúsin, nýtt hreinsivirki fráveitu skoðað ásamt útrás frárennslis. Einnig voru aðstæður í viðtaka skoðaðar. Nýja hreinsivirkið samanstendur af tromlusíu og settanki. Framkvæmdir standa yfir á lóðinni og nokkuð um byggingarefni.

**Frávik frá**

**Lýsing á fráviki**

grein 1.1 í starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi Ársframleiðsla 2019 var 139 tonn en leyfið veitir heimild upp að 20 tonna framleiðslu á ári.

grein 3.2 í starfsleyfisskilyrðum í starfsleyfi Sjáanleg froða og fita var í skurði þar sem að frárennslis frá eldisstöðinni liggur út í sem bendir til að hreinsun frárennslis sé ekki nægjanleg.



## ÁBENDINGAR

Rekstraraðili er minntur á að passa upp á fokvarnir á byggingarefni og öðru lauslegu á lóðinni í tengslum við framkvæmdir sem standa yfir í stöðinni.

Huga þarf að árekstrarvörnum við olútank.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.10.2020

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir